

Föstudagur, 3. desember 2004

230. fundur samkeppnisráðs

Ákvörðun nr. 25/2004

**Kvörtun Merkingar ehf. yfir skráningu og notkun
Merkis og myndhönnunar ehf. á léninu merkingar.is**

I.

Erindið

Samkeppnisstofnun hefur borist erindi Merkingar ehf., dags. 3. nóvember 2003, þar sem kvartað er yfir skráningu og notkun Merkis og myndhönnunar ehf. á léninu merkingar.is. Í erindinu segir að Merki og myndhönnun sé keppinautur Merkingar í skiltagerð. Lén Merkingar sé merking.is. Hafi lénið verið í notkun frá fyrstu dögum netvæðingar. Þá segir að skv. áreiðanlegum heimildum hafi tölvupóstur ruglast á milli fyrirtækjanna. Að mati kvartanda sé tilgangur notkunar Merkis og myndhönnunar ehf. á léninu merkingar.is að líkja eftir og notfæra sér sterka markaðsstöðu Merkingar. Sé notkunin brot á 20. gr., d- og g- liða 20. gr. a. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

II.

Málsmeðferð

1.

Erindi Merkingar var sent til umsagnar Merkis og myndhönnunar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 7. nóvember 2003. Var þar þess getið að Samkeppnisstofnun teldi að 20. og 25. gr. samkeppnislaga kæmu til álita í máli þessu en ekki 20. gr. a.

Bréf Merkis og myndhönnunar er dags. 4. desember 2003. Þar segir að það sé ekki ætlunin af hálfu Merkis og myndhönnunar að notfæra sér sterka markaðsstöðu Merkingar. Á þeim tíma sem Merki og myndhönnun hafi notað lénið merkingar.is hafi komið upp ruglingur á milli fyrirtækjanna en í öllum tilfellum hafi verið greitt úr þeim misskilningi eins fljótt og auðið hafi verið. Aldrei hafi fyrirtækið hagnast á ruglingnum. Þess hafi frekar orðið vart að fyrirtækið hafi tapað viðskiptum á því að nokkuð sé líkt með lénunum fyrirtækjanna.

Lénið merkingar.is hafi verið notað í rúm tvö ár samfleytt og ekki hafi borist kvörtun frá Merkingu fyrr en nú. Þyki Merki og myndhönnun því of langt um liðið til þess að hægt sé að kvarta yfir notkuninni. Hafi mikið verið lagt í að auglýsa lénið í blöðum, á veltiskiltum, á Internetinu og víðar. Samanlagður kostnaður við auglýsingar nemi u.þ.b. kr. 1.500.000. Megi af því sjá að reynt hafi verið eftir bestu getu að vekja athygli á fyrirtækinu í gegnum lénið og hafi sérstaða verið sköpuð með aðstoð Internetsins. Heiti fyrirtækisins Merki og myndhönnun sé of langt til þess að hægt sé að nota það í heild sinni sem nafn á léni. Þá er bent á að fyrirtækið taki að sér merkingar og liggi því beint við að nota lénið merkingar.is.

Loks segir að nokkuð beri á því að nöfn á lénnum séu lík enda erfitt að komast hjá því þar sem mörg fyrirtæki innan sömu starfsgreinar beri svipuð heiti og/eða taki að sér svipuð verk. Fyrirtækin reyni að nota lénnöfn sem lýsi starfsemi þeirra sem best.

2.

Bréf Merkis og myndhönnunar var sent til umsagnar Merkingar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 8. desember 2003. Athugasemdir Merkingar eru dags. 31. desember 2003. Þar segir að ljóst sé að tölvupóstsendingar hafi ruglast milli fyrirtækjanna. Markaðsstaða Merkingar sé sterkari en Merkis og myndhönnunar sem leiði til þess að Merki og myndhönnun nýtist sterk markaðsstaða Merkingar. Engu máli skipti hvort fyrirtækið ætli sér það eða ekki. Í bréfi Merkis og myndhönnunar sé staðfest að ruglingur hafi hlotist af því hve lén og tölvupóstföng fyrirtækjanna séu lík. Með erindinu sé ætlunin að binda endi á þann rugling. Ekki sé hægt að tryggja að í hvert sinn sem ruglingur verði átti Merki og myndhönnun sig á því og beini viðskiptum til starfsmanna Merkingar. Þá segir að sá alvarlegi ruglingur sem hlotist hafi af notkun léns og tölvupóstfangs Merkis og myndhönnunar hafi verið kunnur Merkingu þó svo það hafi ekki komið upp á yfirborðið fyrr en tveim árum eftir skráningu lénsins. Að mati Merkingar hefur réttur til kvörtunar ekki fyrnst. Hvað varðar kostnað við auglýsingu og kynningu á vef Merkis og myndhönnunar þá séu auglýsingarnar ólögmetar vegna þess ruglings sem af þeim hlýst. Þá segir að þó svo Merki og myndhönnun taki að sér að framleiða merkingar gefi það fyrirtækinu ekki rétt til að nota orðið sem nafn á léni ef ljóst sé að sú notkun stríði gegn samkeppnislögum.

Að lokum segir í bréfinu að það fyrirtæki sem fyrst taki í notkun tiltekið lénnafn hafi rétt til að kæra það fyrirtæki sem í kjölfar þess taki í notkun líkt lénnafn sem valdi ruglingi meðal viðskiptavina. Leiði markaðsstaða upprunalega notandans af sér styrkingu á markaðsstöðu keppinautar sé greinilega um brot á samkeppnislögum að ræða sem taka verði á.

3.

Bréf Merkingar var sent til umsagnar Merkis og myndhönnunar með bréfi Samkeppnisstofnunar, dags. 5. janúar 2004. Svar Merkis og myndhönnunar er dags. 4. desember 2003 (sic) en það barst Samkeppnisstofnun 27. janúar 2004.

Í bréfinu segir að oft geti komið upp ruglingur en meðan ekki séu brotin lög beri ekki að aðhafast í málinu. Engin ætlun sé af hálfu fyrirtækisins að notfæra sér mjög svo sterka stöðu Merkingar heldur sé ætlun fyrirtækisins að skapa sér sérstöðu með eigin skiltagerð. Það sé alvarlegt að Merking í krafti sínum ráðist á jafn lítið fyrirtæki og Merki og myndhönnun sé og með því sé Merking að reyna að halda niðri eðlilegri samkeppni. Þó Merking sé eldra fyrirtæki og hafi eytt meira fjármagni og tíma í markaðssetningu gefi það ekki fyrirtækinu einkarétt á jafn almennu orði og merkingar.

4.

Með bréfi Samkeppnisstofnunar til fyrirtækjanna, dags. 2. febrúar 2004, var tilkynnt að gagnaöflun í málinu væri lokið. Jafnframt fylgdi listi yfir gögn málsins. Þá var í bréfinu tilkynnt að sökum mikils málafjölda hjá stofnuninni væru fyrirsjáanlegar tafir á afgreiðslu málsins. Með bréfi Samkeppnisstofnunar til fyrirtækjanna, dags. 16. júlí 2004, var ítrekað að tafir yrðu á afgreiðslu málsins sökum mikils málafjölda hjá stofnuninni.

III.

Niðurstöður

Á fundi samkeppnisráðs, þann 3. desember 2004, var ákvörðun tekin í þessu máli. Þátt í fundinum tóku Kirstín Þ. Flygenring, Atli Freyr Guðmundsson, Karitas Pálsdóttir, Ólafur Björnsson og Ragnheiður Bragadóttir.

1.

Í erindi Merkingar til Samkeppnisstofnunar er kvartað yfir skráningu og notkun Merkis og myndhönnunar á léninu merkingar.is. Lén Merkingar sé merking.is. Sé veruleg ruglingshætta á milli fyrirtækjanna. Merki og myndhönnun sé með þessu að líkja eftir léni Merkingar. Að mati Merkingar er hér um brot á ákvæðum 20. gr., 20. gr. a. og 25. gr. samkeppnislaga.

Merki og myndhönnun heldur því fram að fyrirtækið ætli sér ekki að notfæra sér sterka markaðstöðu Merkingar með notkun lénsins merkingar.is. Vissulega komi upp ruglingur en hann sé leiðréttur eins fljótt og kostur er. Heiti fyrirtækisins sé of langt til þess að það sé hæft sem lén. Þá starfi fyrirtækið við merkingar og sé því eðlilegt að nota orðið merkingar sem lén.

2.

Í athugasemdum Merkis og myndhönnunar er því haldið fram að kvörtun Merkingar sé of seint fram komin þar sem lénið hafi verið notað í tvö ár samfleytt. Í þessu sambandi er rétt að geta þess að samkeppnislög kveða ekki á um tímamörk hvað kvartanir varðar. Þá skal einnig bent á úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli nr. 14/2003, *Garðatorg, eignamiðlun ehf. gegn samkeppnisráði* þar sem fram kemur að skráning í hlutafélagaskrá ráði ekki úrslitum um hvort komið geti til beitingar 25. gr. samkeppnislaga með hliðsjón af ruglingshættu enda beri í því efni fyrst og fremst að miða við notkun auðkennanna en ekki skráningu þeirra.

Að mati samkeppnisráðs kemur því tími sá sem líður frá því notkun hófst á léninu þar til kvörtun berst Samkeppnisstofnun ekki til álita í máli því sem hér er til umfjöllunar.

3.

Til stuðnings máli sínu vísar Merking til 20. gr., 20. gr. a. og 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Grein 20. a í samkeppnislögum á við um samanburðarauglýsingar þ.e. auglýsingar sem beint eða óbeint vísa til keppinautar eða vöru eða þjónustu sem keppinautur býður. Þar sem í máli þessu eru deilt um notkun á nafni á léni telur samkeppnisráð að lagagreinin eigi ekki við hér. Í 20. gr. segir að óheimilt sé að hafast nokkuð það að sem brjóti í bága við góða viðskiptahætti í atvinnustarfsemi eins og þeir séu tíðkaðir eða eitthvað það sem óhæfilegt sé gagnvart hagsmunum neytenda. Ákvæðið er almenn vísiregla að því er varðar viðskiptasiðferði og er ætlað að stuðla að góðum síðum í viðskiptum. 25. gr. laganna hljóðar svo:

„Óheimilt er að nota í atvinnustarfsemi firmanafn, verslunarmerki eða því líkt sem sá hefur ekki rétt til er notar eða rekur atvinnu undir nafni sem gefur villandi upplýsingar um eignarrétt eða ábyrgð atvinnurekanda. Enn fremur er sérhverjum bannað að nota auðkenni, sem hann á tilkall til, á þann hátt að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru einkenni sem annað fyrirtæki notar með fullum rétti.“

Í greinargerð með frumvarpi til samkeppnislaga nr. 8/1993 segir m.a. í greinargerðinni að í 2. málslíð 25. gr. sé rétturinn til að nota eigin auðkenni takmarkaður á þann veg að óheimilt sé að nota auðkenni þannig að leitt geti til þess að villst verði á því og öðru auðkenni sem annað fyrirtæki noti með fullum rétti.

Með aukinni almennri notkun Internetsins verða lén sífellt mikilvægari. Þeir sem nota Netið hafa vanist því að fyrirtæki og stofnanir skrái lén með nafni sínu með endingunni .is. Á þann hátt skráði Merking lén sitt sem merking.is hjá Isnic í mars 1998. Merki og myndhönnun kaus hinsvegar að velja sér lénið merkingar.is og skráði það hjá Isnic í júní 2001. Með skráningu léna sinna hjá Isnic hafa bæði fyrirtækin

öðlast rétt til notkunar á lénnum sínum. Að mati samkeppnisráðs á því 2. málsliður 25. gr. við í þessu máli og skal því litið til þess hvort villast megi á þeim.

Af gögnum málsins er ljóst og óumdeilt að með tilkomu og notkun lénnafnsins merkingar.is hefur ruglingur átt sér stað á milli fyrirtækjanna sem virðist fyrst og fremst hafa haft óhagræði í för með sér fyrir Merkingu. Að mati samkeppnisráðs er það að nota fleirtölumynd nafns og léns keppinautarins ekki nægilegt til að aðgreina fyrirtækin. Í raun sé um sama orðið að ræða, samanber t.d., að breyttu breytanda, ákvarðanir samkeppnisráðs nr. 25/2003, *Kvörtun bílasölnunnar Bíll.is ehf. yfir notkun Bílasölu Íslands ehf. á léninu billinn.is*, og nr. 26/2003, *Kvörtun Fasteignasölnunnar Bifrastar ehf. yfir notkun Fasteignasölnunnar Grundar ehf. á léninu fasteignasalan.is*. Þá vísar lénnafnið ekki beint til nafns Merkis og myndhönnunar.

Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð að Merki og myndhönnun hafi með notkun lénnafnsins merkingar.is brotið gegn 2. málslið 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993. Þá telur samkeppnisráð að Merki og myndhönnun hafi með skráningu og notkun lénnafnsins merkingar.is í viðskiptalegum tilgangi brotið gegn góðum viðskiptaháttum í atvinnustarfsemi sbr. ákvæði 20. gr. samkeppnislaga. Með vísan til framangreinds telur samkeppnisráð nauðsynlegt að banna Merki og myndhönnun notkun lénnafnsins merkingar.is.

IV.

Ákvörðunarorð:

„Merki og myndhönnun ehf. hefur með notkun á lénnafninu merkingar.is brotið gegn ákvæðum 20. gr. og 2. málslið 25. gr. samkeppnislaga nr. 8/1993.

Með heimild í 2. mgr. 30. gr. samkeppnislaga og með vísan til 20. gr. sömu laga bannar samkeppnisráð Merki og myndhönnun ehf., Skeifunni 8, Reykjavík, að nota lénnafnið merkingar.is.

Bannið tekur gildi fjórtán dögum eftir birtingu.“

[Máli þessu var áfrýjað; sjá Úrskurð áfrýjunarnefndar samkeppnismála í máli [nr. 5/2004](#)]